

Áfrýjunarnefnd

samkvæmt 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997
(þjóðkirkjulög)

Úrskurður í máli nr. 2/2018

A

gegn

B

Nefndin er í málinu skipuð hinum reglulegu nefndarmönnum Hildi Briem, Ásdísi Rafnar og Jóhannesi Karli Sveinssyni, formanni. Auk þess hafa verið tilkveðin þau Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og siðfræðingur, og Þóra Sigfríður Einarsdóttir sálfræðingur.

I. KRÖFUR OG MÁLSMEÐFERÐ

1. Með tilkynningu um áfrýjun, dagsettri 20. mars 2018, skaut áfrýjandi úrskurði úrskurðarnefndar um málefni Þjóðkirkjunnar til áfrýjunarnefndarinnar. Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp 27. febrúar 2018 en í honum var komist að þeirri niðurstöðu að hafna bæri frávísunarkröfu áfrýjanda og fallist var á með varnaraðila að áfrýjandi hefði gerst sekur um siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar (hér eftir Þjóðkirkjulög). Þá var því beint til biskups að „kannað verði hvort háttsemi gagnaðila gagnvart málshefjanda leyfi að lögum frekari viðurlög en þegar hefur verið gripið til gagnvart gagnaðila samkvæmt bréfi biskups 29. maí 2017“. Þá stendur í úrskurðarorði hins áfrýjaða úrskurðar að úrskurðarnefndin beini því til biskups að „fallist verði á kröfu málshefjanda um tveggja mánaða launað leyfi á árinu 2018 og að málshefjandi fái 20 tíma hjá sálfræðingi á kostnað biskupsstofu“.
2. Áfrýjandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og öllum kröfum varnaraðila hafnað. Þá krefst hann þess að kostnaður við störf áfrýjunarnefndar verði felldur á kirkjumálasjóð. Varnaraðili krefst aðallega úrlausnar um það hvort háttsemi áfrýjanda gagnvart henni sé agabrot eða siðferðisbrot samkvæmt 12. gr. Þjóðkirkjulaga og að gripið verði til úrræða sem kveðið er á um að nefndinni séu tiltæk samkvæmt b-, c- og d- liðum 4. mgr. 12. gr. laganna. Til vara krefst varnaraðili þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Varnaraðili krefst þess og að kostnaður við störf nefndarinnar verði felldur á áfrýjanda samkvæmt 34. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd Þjóðkirkjunnar nr. 730/1998.
3. Aðilar málsins hafa í tvígang sent nefndinni skriflegar greinargerðir og athugasemdir. Málið var munnlega flutt hinn 26. október 2018. Málsmeðferð dróst á langinn vegna sumarleyfa og annarra forfalla.

II. MEGINATRÍÐI HINS ÁFRÝJAÐA ÚRSKURÐAR

4. Í hinum kærða úrskurði er rakið að varnaraðili og áfrýjandi hafi bæði starfað sem prestar og haft starfsaðstöðu í xxxkirkju frá haustinu árið 2002. Varnaraðili sakaði áfrýjanda um áreitni sem staðið hefði yfir frá því haustinu 2002 og fram á árið 2017. Áreitnin hefði falist í því að áfrýjandi narti í eyrnasnepla, kossu á kinn sem færast yfir á eyrnasnepla sem sleiktir séu snögg, kæfandi faðmlögum þar sem henni hafi verið lyft frá gólfi og haldið í fangi. Einnig hafi áfrýjandi tekið skó af fótum varnaraðila og ýmist veitt eða boðið fótanudd án þess að um

það væri beðið. Þessi tilvik hafi verið mörg og háttsemin í raun óslitin að þessu leyti en í framburði varnaraðila voru nokkur atriði tímasett nánar. Þá er greint frá því að varnaraðili hafi borið sig upp við aðra presta og fagráð þjóðkirkjunnar árið 2010 í tilefni af framkomu áfrýjanda. Í framhaldi af því hafi áfrýjandi beðist afsökunar á hegðun sinni og taldi varnaraðili að eftir þetta hefði áfrýjandi ekki boðið henni upp á fótanudd. Hins vegar hefðu faðmlögin haldið áfram sem henni hafi þótt óþægilegt og niðurlægjandi.

5. Í málatilbúnaði sínum til úrskurðarnefndar neitaði áfrýjandi málavaxtalýsingunni sem hér greinir að framan en staðfesti að fyrir mörgum árum hefði hann boðið varnaraðila fótanudd sem hún hefði afþakkað. Hann taldi að þau faðmlög sem lýst er hefðu af hans hálfu verið vinarhót og eðlileg. Hann kannaðist við að lyfta fólki upp í faðmlögum en að það hafi verið stælar og skýrst af því að hann sé í eðli sínu bæði frakkur og ágengur. Áfrýjandi fullyrti að hann hefði aldrei kysst varnaraðila með tungu sinni eða nartað í eyru hennar. Áfrýjandi fullyrti að samskipti hans við varnaraðila hefðu verið vinsamleg á því 15 ára tímabili sem þau hefðu unnið í sama húsi.
6. Í hinum áfrýjaða úrskurði var frávísunarkröfu áfrýjanda hafnað. Hún var byggð á tveimur meginmálsástæðum: Í fyrsta lagi að engin krafa, eða a.m.k. engin skýr krafa, hefði verið gerð fyrir nefndinni og í öðru lagi að mögulegt ágreiningsefni ætti ekki undir valdsvið nefndarinnar. Úrskurðarnefndin hafnaði báðum málsástæðum um frávísun og tók málið til efnislegrar meðferðar.
7. Í efnislegri umfjöllun í hinum áfrýjaða úrskurði er lagt til grundvallar að aðilum beri að nokkru saman um málsatvik. Frásögn um fótanudd hafi verið staðfest þótt ágreiningur væri um fjölda skipta. Ekki væri hægt að byggja á því að áfrýjandi hefði sleikt tær varnaraðila eins og hún hefði haldið fram, en aðilum bæri saman um kröftug faðmlög sem áfrýjandi hafi átt frumkvæði að. Þá taldi úrskurðarnefndin að ekki væri hægt, gegn andmælum áfrýjanda, að leggja til grundvallar við mat sitt að faðmlögin hefðu einnig falið í sér nart í eyrnasnepla og að þeir hefðu verið sleiktir.
8. Úrskurðarnefndin lagði því að mestu til grundvallar þá frásögn sem telja má sameiginlega með málsaðilum, að því frátöldu að varnaraðili mótmælir því sem greinir í úrskurðinum að hún hafi leitað til áfrýjanda um faðmlög þegar henni hafi hún fundist hún þurfa hlýju og setið í kjöltu hans. Þessu mótmælti varnaraðili í málflutningi fyrir áfrýjunarnefndinni að hafa staðfest eða greint frá.

9. Úrskurðarnefndin taldi að áfrýjandi hefði gerst sekur um siðferðisbrot í skilningi 12. gr. Þjóðkirkjulaaga með framferði sínu gagnvart varnaraðila, sem staðið hefði yfir um 15 ára skeið. Vísað var meðal annars til þess að strangar kröfur þyrfti að gera til hegðunar presta. Nefndin taldi að ekki væri unnt að fella háttsemi áfrýjanda undir kynferðislega áreitni í skilningi 2. mgr. 17. gr. jafnréttislaaga nr. 96/2000 sem giltu til ársins 2008, né heldur til ársins 2014 þegar lögum nr. 10/2008 um sama efni var breytt. Skorti á það hugtaksskilyrði um kynferðislega og kynbundna áreitni að á reyndi hvort meintur gerandi héldi áfram háttsemi sinni eftir að vera beðinn um að láta af henni. Áfrýjandi hefði engin skýr skilaboð fengið um að faðmlögin væru óvelkomin. Hins vegar taldi úrskurðarnefndin að eftir að skilgreiningu hugtakanna var breytt með 1. gr. laga nr. 62/2014, á þann veg að ekki er lengur skilyrði að háttsemi sé haldið áfram eftir andmæli, hefði háttsemi áfrýjanda fallið undir kynbundna áreitni. Hangandi faðmlög þar sem varnaraðili hefði hvergi getað sig hrært, samfara kossu, hefðu þannig falið í sér kynbundna áreitni. Því taldi nefndin að frá 2014 hefði þetta framferði falið í sér siðferðisbrot í skilningi 12. gr. Þjóðkirkjulaaga með vísan til skilgreininga jafnréttislaaga.
10. Úrskurðarnefndin taldi einnig að háttsemi áfrýjanda á árunum 2002-2014 teldist siðferðisbrot í skilningi 12. gr. Þjóðkirkjulaaga, óháð ákvæðum jafnréttislaaga, og var þar vísað til faðmlaganna og fótanuddsins, sem talið var hafa staðið yfir til ársins 2011. Í því sambandi vísaði úrskurðarnefndin meðal annars til siðareglna Prestafélags Íslands frá 1994 og 2007.
11. Til viðbótar þessari niðurstöðu fjallaði úrskurðarnefndin um möguleg úrræði gagnvart áfrýjanda og lýsti einnig álitinu á málsmeðferð biskupsembættisins, sem nefndin taldi hafa verið miklum annmörkum háð. Eftir umfjöllun sína um þetta lagði nefndin til að biskup aflaði sér lögfræðiaðstoðar til að meta hvort forsendur væru til frekari viðurlaga á hendur áfrýjanda og beindi því einnig til biskups í þessu ljósi að fallast á kröfur varnaraðila um greiðslu kostnaðar vegna sálfræðiþjónustu og launað orlof frá starfi. Nefndin lét þess getið að þessi tilmæli væru án sérstakrar heimildar í þeim lögum og reglum sem úrskurðarnefndin starfaði eftir, en hún taldi þó rétt í ljósi atvika að fallast á kröfur þar um.

III. NIÐURSTAÐA

a) *Formhlið málsins*

12. Krafa áfrýjanda um frávísun aðalkröfu varnaraðila er studd sömu rökum og gert var fyrir úrskurðarnefnd en í málflutningi sínum hefur áfrýjandi einnig lagt mikla áherslu á að varnaraðili eigi ekki lögvarða hagsmuni af niðurstöðu um kröfur sínar. Einnig hefur áfrýjandi teflt því fram að málsmeðferðin stríði gegn lögum um persónuvernd nr. 77/2000 og að söfnun

persónuupplýsinga sé óheimil nema til staðar séu lögvarðir og sérgreindir hagsmunir. Vísar áfrýjandi ennfremur til þess að málsmeðferðin stríði gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þá hefur áfrýjandi byggt á því að þar sem úrskurðinum var ekki gagnáfrýjað geti varnaraðili ekki gert kröfur fyrir áfrýjunarnefndinni sem ganga lengra gagnvart áfrýjanda en kveðið var á um í úrskurðinum.

13. Í athugasemdum sínum tekur áfrýjandi þó fram að áfrýjandi hafi sjálfur lögvarða hagsmuni af því að fá efnislega niðurstöðu í málinu og að frávísun hreinsi hann ekki af þeim ávirðingum. Hann gerir því ekki kröfu um frávísun varakröfu gagnaðila sem fjallaði um staðfestingu hins kærða úrskurðar.
14. Áfrýjunarnefndin telur að 12. gr. þjóðkirkjulaga geri skýran greinarmun á siðferðis- og agabrotum og að úrræði samkvæmt einstökum stafliðum 4. mgr. 12. gr. séu háð því að um agabrot hafi verið að ræða. Því geti siðferðisbrot, eitt og sér, ekki leitt til beitingar þeirra úrræða. Sú lögskýring var í raun óumdeild með aðilum. Í samræmi við það sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði telur áfrýjunarnefndin að sú háttsemi sem um er deilt í þessu máli sé ekki agabrot. Álitaeftnið snúist því eingöngu um hvort hún teljist siðferðisbrot. Í ljósi þeirrar niðurstöðu koma aðalkröfur varnaraðila um beitingu sérstakra úrræða gagnvart áfrýjanda ekki til frekari skoðunar. Er því engin þörf á að fjalla sérstaklega um frávísunarkröfur áfrýjanda í málinu er tengjast eingöngu beitingu þeirra viðurlaga sem um ræðir í stafliðum 4. mgr. 12. gr. og aðalkröfu varnaraðila.
15. Úrlausnarefnið er því einskorðað við það hvort áfrýjandi hafi gerst sekur um siðferðisbrot með háttsemi sinni gagnvart varnaraðila. Áfrýjandi sjálfur telur sig eiga lögvarða hagsmuni af því að hnekkja niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar um það. Einnig verður ekki annað séð en að í 12. gr. þjóðkirkjulaga sé einmitt kveðið á um að sá sem telji sig hafa orðið fyrir slíku broti af hendi starfsmanns þjóðkirkjunnar geti borið það undir úrskurðarnefnd. Er þetta orðað þannig:

„Nú rís ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og getur hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd ...“

16. Samkvæmt þessu ákvæði fjallar nefndin um ásakanir um siðferðisbrot eða agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta kjósa að bera það undir úrskurðarnefndina. Úrskurðir hennar samkvæmt áðurnefndri 12. grein eru síðan áfrýjanlegir til áfrýjunarnefndarinnar samkvæmt 13. grein sömu laga og hafa þar „málsaðilar og kirkjuráð“ heimild til áfrýjunar.

17. Í framansögðu felst að lög gera ráð fyrir því að sá sem telur sig hafa orðið fyrir siðferðisbroti af hálfu starfsmanns kirkjunnar getur vísað því máli til úrskurðarnefndar og telst vera málsaðili. Lögin miða ekki við sérstök úrræði gagnvart starfsmanni þjóðkirkjunnar önnur en að nefndirnar taki efnislega afstöðu til réttmætis ásökunarinnar í formi úrskurðar. Annað á við um agabrot. Það verður því ekki gerð sú krafa til þess sem telur sig hafa orðið fyrir siðferðisbroti að hann setji fram kröfur um sérstök viðurlög, fébætur eða viðurkenningu á réttindum. Hefði enda úrskurðarnefndin engar heimildir samkvæmt lögum til að fallast á slíkar kröfur þegar málið væri einskorðað við siðferðisbrot. Lögin skilgreina því hina lögvörðu hagsmuni af úrlausn um mál þannig að sá sem verður fyrir meintu broti eigi rétt á því að fá úr því skorið hvort ásökun hans sé á rökum reist.

18. Áfrýjunarnefndin telur því að engir formgallar séu á málatilbúnaði varnaraðila eða úrskurði úrskurðarnefndarinnar að þessu leyti.

b) Málsatvik sem lögð verða til grundvallar

19. Áfrýjunarnefndin hefur ekki þá stöðu að lögum að geta metið sönnun á grundvelli trúverðugleika framburða málsaðila ef þá greinir á. Því verður, með sama hætti og gert var hjá úrskurðarnefndinni, að leggja til grundvallar frásögn beggja aðila af atvikum, að því marki sem hún er eins eða svipuð. Það er álit áfrýjunarnefndarinnar að ekki sé hægt að víkja frá þessari meginreglu með því að leggja til grundvallar vottorð eða bréf þriðju aðila sem rituð eru í tilefni af því að málið hófst og/eða að beiðni aðila. Í þessu máli hafa nokkur slík gögn verið lögð fram en ekki er unnt að byggja á þeim við niðurstöðu málsins. Þau eru öll því marki brennd að greina nú frá samtölum við varnaraðila sem áttu sér stað fyrir nokkuð löngu síðan.

20. Áfrýjunarnefndin leggur því við úrlausn sína til grundvallar þau sömu atvik og úrskurðarnefndin gerði og að framan er lýst. Þó er ekki fallist á að hægt sé að leggja til grundvallar að varnaraðili hafi leitað eftir faðmlögum við áfrýjanda og setið í kjöltu hans eins og fullyrt er í hinum áfrýjaða úrskurði.

c) Forsendur og niðurstaða

21. Eins og málið liggur fyrir er því úrlausnarefnið fólgið í því að leggja mat á hvort það teljist siðferðisbrot í skilningi 12. gr. þjóðkirkjulaga að áfrýjandi sýndi af sér þá háttsemi sem lögð er til grundvallar samkvæmt framansögðu.

22. Áfrýjunarnefndin telur að líta verði hlutlægt á háttsemina sem um ræðir og við hvaða aðstæður og í hvaða samhengi hún á sér stað. Þótt lögð hafi verið áhersla á það við málflutning áfrýjanda að hann sé kunnur af galsa og að vera jafnvel frakkur að eðlisfari, breytir það ekki þeim kröfum sem gera verður til háttsemi hans. Þær kröfur ráðast meðal annars af skráðum og óskráðum siðareglum. Sem dæmi um þær fyrrnefndu má nefna siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar þar sem meðal annars er kveðið á um að þeir eigi að gera sér far um að minnast þess að mörk einstaklinga eru mismunandi, svo sem að snerting getur auðveldlega misskilist eða valdið óþægindum. Einnig hefur í málinu verið vísað til ákvæða jafnréttislaga nr. 96/2000 og 10/2008 þar sem vikið er að ósiðlegri framkomu sem talist getur kynbundin eða kynferðisleg áreitni, sem geta veitt leiðbeiningu við skýringu á 12. gr. þjóðkirkjulaga, án þess að nefndin telji að þær skilgreiningar hafi úrslitapýðingu í þessu máli, né heldur eftir breytingu þeirra lagaákvæða árið 2014.
23. Þá getur ekki farið á milli mála að faðmlög og kossar þar sem viðkomandi er lyft upp er á engan hátt venjuleg eða viðurkennd háttsemi á milli fólks við þær aðstæður sem greinir í þessu máli. Sama gildir um nudd á fótum og iljum sem ekki hefur verið beðið um eða er veitt án nokkurs samhengis við önnur samskipti. Áfrýjanda átti að vera þetta ljóst.
24. Áfrýjandi hefur bæði bent á að einhver takmörk hljóti að vera fyrir því hversu gömul mál megi taka upp á þessum vettvangi og einnig bendi hinn langi tími til þess að varnaraðili hafi í upphafi ekki tekið samskipti þeirra eins alvarlega og síðar varð. Einnig bendir áfrýjandi á að hann hafi átt í áralöngu og innilegu vinasambandi við varnaraðila og engar skýringar séu á því hvers vegna varnaraðili hafi ekki brugðist við fyrr. Áfrýjandi fullyrðir að framkomin kæra sé hluti af samblæstri eða samanteknum ráðum nokkurra kvenna. Þessum röksemdum verður að hafna. Í þjóðkirkjulögum eru engin ákvæði um tímafresti eða fyrningu þeirra mála sem orðið geta grundvöllur málsmeðferðar um siðferðisbrot. Þetta verður að telja til marks um það að löggjafinn hafi ekki ætlast til þess að brotáþolar sættu neinum takmörkunum við að fá mál sín tekin til skoðunar og úrlausnar. Einnig er þekkt samkvæmt álit hinna sérfróðu nefndarmanna að það getur tekið langan tíma að vinna úr afleiðingum sem tengjast áreitni, vanvirðandi framkomu og alvarlegri kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.
25. Samkvæmt öllu framansögðu er það álit nefndarinnar að áfrýjandi hafi með háttsemi sinni gerst sekur um siðferðisbrot í skilningi 12. gr. þjóðkirkjulaga gagnvart varnaraðila. Þótt það hafi ekki frekari áhrif á niðurstöðu málsins lætur nefndin þess getið að langt er um liðið frá því að umrædd háttsemi átti sér stað og áfrýjandi hefur nú þegar mætt afleiðingum gjörða sinna með opinberri umfjöllun og ráðstöfunum á sviði starfsmannaréttar. Þá liggur fyrir að varnaraðili

virðist undir rekstri málsins hjá úrskurðarnefnd hafa hafnað því að nefndin reyndi sættir með málsaðilum.

26. Í ljósi framanritaðs er fallist á niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um að hafna frávísunarkröfu áfrýjanda og jafnframt staðfest sú niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að háttsemi áfrýjanda gagnvart varnaraðila á því tímabili sem lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði hafi falið í sér siðferðisbrot.
27. Ekki verður séð að nein lagaheimild sé til þess að kveða á um frekari viðurlög eða afleiðingar svo sem gert var í úrskurði úrskurðarnefndarinnar, þegar nefndin beindi því til biskups að taka mál áfrýjanda til frekari athugunar og beindi því til biskups að greiða fyrir sálfræðitíma og veita varnaraðila launað orlof. Áfrýjunarnefndin telur sér því ekki fært að staðfesta úrskurðinn að því leyti.
28. Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði verður ekki kveðið á um nein viðurlög á hendur áfrýjanda. Áfrýjunarnefndin telur rétt að kostnaður við störf áfrýjunarnefndarinnar verði greiddur úr kirkjumálasjóði, samanber ákvæði 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 og mun ekki gera málsaðilum að greiða hluta þess kostnaðar. Sinn eigin kostnað bera málsaðilar sjálfir.

Úrskurðarorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur að öðru leyti en því að felld eru úr gildi ákvæði hans um tilmæli til biskups um að kanna hvort háttsemi áfrýjanda leyfi að lögum að beita áfrýjanda frekari viðurlögum en gripið hafði verið til með bréfi biskups sem dagsett er hinn 29. maí 2017.

Þá er felld úr gildi ákvæði úrskurðarins um að beina því til biskups að fallast á kröfur varnaraðila um tveggja mánaða launað leyfi á árinu 2018 og að varnaraðili fái 20 tíma hjá sálfræðingi á kostnað biskupsstofu.

Kostnaður áfrýjunarnefndar skal greiddur af Kirkjumálasjóði.

Reykjavík 22. nóvember 2018



Henry Alexander Henrysson



Hildur Briem



Ásdís Rafnar



Þóra Sigfríður Einarsdóttir



Jóhannes Karl Sveinsson

5